

Kaldbakur við utanverðan Eyjafjörð 1173 m hár

Ekið er að Grenivík, beygt til hægri þegar komið er að þorpinu og ekið áfram eftir Akurbakkavegi, framhjá Kaldbaksafleggjaranum og yfir Grenjá að litlu bílastæði á Stakhól, norðan við gilið. Á Stakhól er vegvísir og þaðan er gengin stikuð leið upp hrygginn norðan árinna. Síðan er stefnt á toppinn. Þaðan er útsýni allt austur á Langanes og inn á hálendi Íslands og ferð upp á fjallið er ógleymanleg lífsreynsla. Þar er stór landmælingavarða hlaðin af dönskum landmælingamönnum árið 1914. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd um 12 km samtals og gönguhækkun 1130 m.